

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um embættisbækur hreppstjóra.* — Eptir að jeg hafði skorað á yður herra amtmaður að segja mjer álit yðar um umkvörtun hreppstjórans í Mosfellssveit yfir því, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði neitað að kosta embættisbækur hans, hafð þjer tekið fram, að enginn vafi geti verið um, að ákvörðun hreppstjórareglugjörðarinnar frá 29. apríl 1879, að embættisbækur hreppstjóra skuli kostaðar úr sýslusjóði, hafi bindandi krapt fyrir sýslunefndirnar. Því þar sem sveitarstjórnarlögin gjöri ráð fyrir, að landshöfðingi gefi út reglugjörð fyrir hreppstjóra og ákvörðun um kostnað við embættisbækur hreppstjóra óneitanlega eigi heima í slíkri reglugjörð og ekki komi í bága við neinar lagaákvæðanir, þá sje það vitaskuld, að hin nefnda ákvörðun hafi fullt lagagildi. Megi því, ef þörf gjör-  
ist, beita þvingunarsektum gegn sýslunefndunum til þess að fá þær til að hlýðnast því, sem fyrirskipað hafi verið í þessu tilliti.

Um það, sem þjer, herra amtmaður, þannig hafði tekið fram, er jeg yður sam-  
dóma, og býst jeg við, að þjer sjáið um, að sýslunefnd sú, sem hjer á hlut að máli, útvegi sem fyrst embættisbækur þær, er hreppstjórar sýslunnar hafa þörf á.

— Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sjerstakt manntalsþing.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, fellst jeg á, að sýslu-  
maðurinn í Barðastrandarsýslu haldi eptirleiðis sjerstakt manntalsþing í Garpsdal fyrir Geiradalshrepp, og er þetta samþykki mitt bundið því skilyrði, að hreppsnefndin í þess-  
um hreppi sjái um, að til verði á þessum stað tilhlýðilegt hús til þinghalda. Með þess-  
ari ákvörðun er engin breyting gjörð á Berufjarðarþinghá sem dómsþinghá.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstaf-  
anar.

— Brjef landshöfðingja til *biskups um breytingu á skipun prestakalla.* — Í brjefti  
dags 6. þ. m. hafði þjer, herra biskup, borið undir úrskurð minn frumvarp eitt, sem  
samþykkt hefir verið á hjeraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis, til svofelldrar breytingar á  
þeirri skipun prestakalla þar í prófastsdæminu, sem ákveðin er með lögum 27. febr. 1880:

1. að Saurbøjarprestakall verði Hóla, Saurbøjar og Miklagarðssóknir.
2. að Grundarprestakall verði Möðruvalla og Grundarsóknir, að til Grundarsóknar legg-  
ist 6 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn: Espihóll, Víðirgerði, Merkigil, Stokkahlöður,  
Botn og Hranastaðir, og að brauðið verði þar að auki bætt upp með 150 kr. frá  
Akureyrarprestakalli.
3. að Akureyrarprestakall verði Munkapverár, Kaupangs og Akureyrarsóknir, þó svo að  
6 hinir fyrr nefndu bæir leggist til Grundar frá Akureyrarbrauði, og að þaðan  
greiðist og 150 kr. árlegt tillag.

Um þetta efni skal jeg hjer með tjá yður, herra biskup, það, er hjer segir:

Þar sem í 4. gr. laganna 27. febr. 1880 um skipun prestakalla er kveðið svo á:  
31. dag janúarm. 1882.